

Bps. A. II, 8. Vísitásiubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Austfirðingafjórðung og Eyjafjallasveit 1641–1672.

[Uppskrift af sama texta má einnig finna í: Bps. A. II, 10. Vísitásiubók Brynjólfs Sveinssonar biskups um Skálholtsbiskupsdæmi, nema Dalaprófastsdæmi og Vestfirði, 1642–1663, bl. 366v–368r. (Eftirrit með hendi séra Jóns Erlendssonar í Villingaholti.)]

bls. 356–360

Anno 1660 21 Septembris ad Hofi I Øræfum In Visitatione Ordinaria umm Austfirdinga fiordung, kom framm fyrer biskupenn M. Brynjolf S(ueins)Son, Þorleifur Magnusson, sem prestur hefur vered I Oræfum huor ed frä Sacramente altaresens hefur vered, hier I Oræfum ad Sogn S. Gisla Finnbogasonar og medkenning hans Sialfs nærre halfft annad är, og Sidann I Hornafirdi eitt är, hafdi biskupenn tilsagt S. Þorleifi ad koma hingad I Oræfenn til vidurmælis uid S. Gisla Finnbogason, sem og til ad giöra grein a huór Ordsok Þar til komed hefdi ad hann hefdi Sig so leingi fra Sacramentiz medtoku hier I Oræfum halldid, hvar ad biskupenn hann nu Openberliga ad Spurdi, greindi hann Þar til tuær Ordsaker Sierdeilis, Þa fyrri, ad hann kvads<t> ecki Skilia nie skiled hafa Sumar kenningar grejner S. Gisla Finnbogasonar, Þa adra ad I Sandfelli [strikað yfir: Þa] Þann Seinasta Vetur S. Þorleifur Þar var, enn S. Gisle uar skickadur til Þiönustunnar I Soknenne Þa hafi Opnast dauds manns grøf og vered so openn nockra Stund, einkum fra 22 Februarii enn S. Gisle hafe hana aptur byrgt 8 Martii, og Þann Vetur frä 25 Febr. og til pascha hafi mikel onäd og ofridur Ordid a Nætturnar so rum hafi Skolfid, Baud biskupenn Sig til ad medtaka Þetta Kiærumal S. Þorleifs ef hann giördi grein ä Þessum tueimur äkiæru greinum, I Þann mäta ad hann greindi, huoriar Kenningar Þær uære af S. Gisla Frammsettar, Sem sig so hneixludu, ad hann Mætte ecke Sacramented af Hönum teked hafa og leiddi þar ad tuo loglig vitni ad S. Gisle hefdi so kent og talad, huoria Votta biskupenn nu Krafdest og beiddest af S. Þorleife, Enn þeir urdu Nu ecki fyrer Þo S. Þorleifur dragi I Vænder ad Þeir mundi til verda med tidinne, Kvadst biskupenn Þess mundi bida ad fyrsskrifader Vitnisburder kiæmi Skialliga framm fyrer hann, Med Þui nalæger Soknarmenn Hofskyrkiu Arni Eyreksson Vigfus Jonson Jon Eyreksson, Sigurdur Jonsson Arni Þorhallason Jon Jonsson, Gisli Sigmundzson baru S. Gisla Finnboga Syne godann og heidarligann Vitnisburd I lærdomi og lifnadi, so Miked sem Þeir hefdi Skiniad og hugfest, Samt og adur aminte biskupenn S. Gisla ad tala Varliga um Herrans leindardoma, epter Skriptenne, og hennar eigenn Ordum, og Vidteknium Malsgreinum Christiligrar Kyrkiu, Þad framast Móguligt uæri enn Varast, tujrædar Vandskilnar, Oveniuligar, sem ecki Sieu ollum einfoldum liösar, Nie I Þiönustugiördinni almenniligar Huorriu presturenn biskupenum Med handsolum trülofadi.

I annare grein beiddest biskupenn af S. Þorleifi ad hann uilddi grein a giöra, hvad Sä ofridur, kiæme uid S. Gjsla Finnbogason, sem hann seiger ä Sandfelli Ordid hafa epter Þui Sem fyrsskrifad er uitandi annars [annars, ofan línu] ecki huad su ordsok gillder uppa S. Gisla nema S. Þorleifur beuisadi Þad Satt uera ad Sä Onada draugur hefdi ä Sandfelli uered, sem hann seiger Þar a gangi Vered hafa og I annann mata Þo satt reyndest ad hann bære ad Sera Gisla ad hann hefdi Þui Valldid, hvad ecke uard nu fyrer hendi og ei [ei, ofan línu] kvadst S. Þorleifur bera S. Gisla Þui tilfelli, enn ollumm nærverandi er grunlaust umm S. Gisla ad hafi ecki Nie hafft hafi Þuilikt umm hond, Þui kenne biskupenn Þar umm framur ecki ad giöra nie Þessar ordsaker ad So stoddu fullnægiligar ad Meta til afsokunar a frahalldi S. Þorleifs fra Sacramentenu Medan Þær eru ecki framur a S Gisla Vottadar greindar nie reknar, enn Nu er skied, Sættust Þeir nu heilum Sättum Sin I Milli S. Gisli og S. Þorleifur lofandi huor odrum Christiligum Kiærleika leint og liöst bak og briost I allann Mäta So leingi sem Þeir lifdi og alt fyrerfarandi sem [sem, tvíritað, strikað yfir fyrra tilfellið] til agreiningar hefdi matt a milli

falla og Sierhuort annad Missættar efni daudt nidursleiged og maktar laust æfennliga. Enn umm fryheit S. Þorleifz og hanns kuinnu Þuridar sem lika hefur I So langann tima sem hann fyrer utann Christilig fryheit Staded aliktadi biskupenn ad Þo sier Virdtest Þau bædi til Openberrar aflausnar unned hafa ef til doms kiæme med ofurlöngu frahalldi og forsomun drottennligrar Kuolldmaltidar epter Ordinantiunne og Odrum mandatis þa sem adur uægdi hann til uid Þau I trausti Guds Christiligrar kyrkiu og yffervalldsens Vegna beiskleika elli og Motganges Þeirra beggia ad Þau skyldi opennberlega äminnast I Einhollz Kyrkiusokn af S. Hogna Gudmundssyne, og so til heimugligrar aflausnar takast med afbeidni hneixlizens sem Ske Skyllidi bædi hier I Oræfummm og so lika i Einhollz Sokn, lyste biskupenn Þad Vera uægdar dispensation enn ongva almenniliga reglu so neirn hefdi Þad fyrer Sig ad bera, sem I Þuilikann mata Sig forsæge Þui epter hardasta rette uære Þad opennberrar aflausnar vert.

For allt þetta framm med Fullnadar handsolum I Erligra Manna Viduruist er Sin Nofn til Vitnis hier underskrifa ut supra.

Gysli p. Finnbogason meh Arne Halldorsson mpp
Arne Jonsson EH Sigurdur Gudnason meh
Oddur Eyolfson Meh Þorleifur Magnuzson m.e.h.